



Fundargerð

10. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 5. maí 2025, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fjarverandi: Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir.

Dagskrá fundar:

- Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2025 - yfirferð framkvæmdastjóra
- Aðalfundur og árshátíð – upplýsingar um stöðu
- Nýr starfsmaður ráðinn
- Spjallmenni – staða
- Önnur mál

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2025

Framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning 2025 og skýrir lykiltölur. Hagnaður var á rekstri ársins, um 5 milljónir. Skýrist helst á breytingum í starfsmannahópnum á síðasta ári og voru um 3 mánuðir þar sem vantaði í eitt stöðugildi. Einnig kom inn fjármagn frá SASS 2024 sem var uppgjör á áhersluverkefnum frá 2022 að hluta og 2023.

Stjórn er samþykkt ársreikningi og verður skrifað formlega undir hann að morgni aðalfundardags, sem verður á Hótel Geysi 16. maí 2025.

Aðalfundur og árshátíð – upplýsingar um stöðu

Framkvæmdastjóri fer yfir dagskrá og stöðu skráninga á aðalfund og árshátíð Markaðsstofunnar. Ákveðið að MSS bjóði upp á súpu í upphafi aðalfundar. Góð skráning er á viðburðinn og rætt var um tillögur um hverjir munu hljóta viðurkenningar fyrir framlag til ferðaþjónustu og sprota ársins. Stjórn sammála um málið.

Nýr starfsmaður ráðinn

Gengið hefur verið frá ráðningu í starf verkefnastjóra í markaðsteymi og var Hrafnhildur Árnadóttir ráðin í starfið. Hún hefur þegar komið aðeins inn í vinnu en er að klára verkefni í maí og hefur svo störf að fullu þann 1. júní nk. Ráðningarferlið var unnið í samstarfi við Mögnun ráðningarstofu sem reyndist vel.

Spjallmenni – staða

Framkvæmdastjóri er búin að vera áfram í sambandi við fyrirtækið Spjallmenni.is (menni.ai) og einnig hefur hún tekið stöðuna hjá nokkrum af öðrum Markaðsstofum landshlutanna. Það er talsverður áhugi víða að prófa að setja upp slíka lausn á síðurnar. Einnig hefur framkvæmdastjóri upplýst Ferðamálastofu og kannað áhuga á aðkomu. Þar er áhugi til staðar en ekki liggur ljóst fyrir hvort og með hvaða hætti aðkoman gæti verið.

Framkvæmdastjóri leggur til að gera samning til styttri tíma um lausnina og nýta þann tíma a.m.k til þróunar á vefsíðu. Vonir standa til að lausnin verði það góð að hún verði nýtt áfram að loknum prufutíma. Stjórn samþykkir og veitir framkvæmdastjóra leyfi til að undirrita þjónustusamning við fyrirtækið.

Önnur mál

Sveinn Hreiðar var með fyrirspurn varðandi vinnustofur Íslandsstofu í Bandaríkjunum og Kanada, og spurði hvort það hafi verið rætt að vinna sérstaklega með Kanada í áframhaldandi markaðssetningu. Framkvæmdastjóri hefur ekki heyrt sérstaklega af því og mun vekja máls á því við Íslandsstofu. En vissulega getur verið ástæða til að horfa í frekari mæli til Kanada í ljósi stöðu mála í Bandaríkjunum í dag.

Fundi slitið kl. 11:25